

Skýrsla stjórnarformanns 2009

FUNDIR STJÓRNAR

Á liðnu starfsári hélt stjórn SAM 9 bókaða fundi auk aðalfundarins sem haldinn var 7. mars. Þá var einn fundur sameiginlegur með stjórn og stefnumótunarnefnd LK. Á öllum stjórnarfundum er farið yfir stöðu í mjólkurframleiðslu og einnig sölu mjólkur og mjólkurvara. Birgðahald metið og farið yfir framleiðslu- og söluáætlanir. Auk framleiðslu-, sölu- og birgðamála, voru einnig aðrir málaflokkar til umfjöllunar á stjórnarfundum samtakanna. Þar má nefna verðlagsmál, skipulagsmál mjólkuriðnaðarins, Rannsóknarstofu SAM, mjólkur-eftirlit og neyðarþjónustu, kaup á mjólk umfram greiðslumark og útflutningsmál mjólkurvara. Einnig var nokkuð fjallað um réttarstöðu mjólkuriðnaðarins, WTO samninga, erlend samskipti, fjölmiðlamál og skipan í ýmsar nefndir á vegum SAM.

Fulltrúar frá SAM hafa mætt á nokkrum fundum vegna ESB umræðunnar og skýrt áhrif hugsanlegrar inngöngu í ESB á íslenskan mjólkuriðnað. Stjórn SAM hefur lýst einróma andstöðu við aðild Íslands að ESB.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn SAM í sumar, á þann veg að Guðbrandur Sigurðsson varaformaður stjórnar lét af stjórnarsetu en við tók varamaður hans Guðmundur G. Gunnarsson. Þá var Pálmi Vilhjálmsson kosinn varaformaður í stað Guðbrandar.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKUR OG MJÓLKURVARA

Íslandsmet var sett í mjólkurframleiðslu á síðasta almanaksári. Innvigtun nam samtals 126 millj. lítrum, en framleiðsla ársins 2007 var 124,8 millj. lítrar það er 1,2 millj. lítra aukning, eða 1% frá fyrra ári. Greiðslumark verðlagsársins 2006/2007 var ákveðið 116 millj.ltr. sem var aukning um 5 millj. lítra, frá verðlagsárinu 2005/2006, eða úr 111 í 116 millj. ltr. Greiðslumark 2007/2008 var 117 millj. ltr. Á yfirstandandi verðlagsári er greiðslumark mjólkur 119 millj. lítrar, en það er stjórn SAM sem gerir rökstudda tillögu til framkvæmdanefndar búvörusamninga um greiðslumark hverju sinni.

Á síðasta verðlagsári ákvað MS að greiða framleiðendum 35 kr/ltr fyrir alla mjólk framleidda umfram greiðslumark. Í ár er greiðsluloforð 40 kr/ltr. Jafnframt mikilli mjólkurframleiðslu er, sem betur fer, góður gangur í sölu mjólkurvara á innanlandsmarkaði, þrátt fyrir alvarlegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þá hefur það gerst að verð, á smjöri og undanrennufti, á erlendum mörkuðum hafa fallið verulega frá því að það var hæst síðla árs 2007.

Þegar borin eru saman síðustu ár, kemur í ljós að talsverðar sveiflur hafa verið í sölu einstakra vöruflokka. Þannig er áframhaldandi söluaukning á viðbiti og ostum, einnig aukning í drykkjarmjólk og rjóma en mestur samdráttur í sölu á jógúrti og nokkur samdráttur í skyrvörum. Umreiknuð sala á próteingrunni nam 117.1 millj. lítrum sem er 1,95% aukning frá fyrra ári. Umreiknuð sala á fitugrunni var 112.3 millj. lítra, og samsvarar það 3,31% söluaukningu milli ára. Er hér um að ræða glæsilegasta árangur í markaðs- og sölustarfi á Íslandi til þessa.

Á verðlagsárinu 2008/2009 er efnainnihald viðmiðunarmjólkur 4,00% fita og 3,36% prótein. Meðal efnainnihald mjólkur á árinu 2008 var 4,09% fita og 3,36% prótein. Verðlagsárið 2007/2008 var fituinnihald meðalmjólkur 4,00% og 3,35% prótein.

Umreiknuð birgðastaða í árslok 2008 nam 19.1 millj. lítrum á próteingrunni sem er nokkur minnkun frá fyrra ári. Útflutningur á próteinhluta mjólkur nam 11,7 millj. lítra. Umreiknaðar birgðir fitu voru 12.5 millj. lítrar en þær eru jafnaðar með reglubundnum útflutningi á smjöri. Útflutningur á fituhluta mjólkur nam 17.8 millj. lítra.

Á árinu 2008 varð um 11% magnsamdráttur á innflutningi mjólkurvara. Samdrátturinn samsvarar um 32 tonnum af vörum, mest í ferskvörum. Í lítrum talið, á próteingrunni, var innflutningurinn um 2 milljónir lítra en á fitugrunni um 1,5 milljónir lítra. Umreiknað magn breyttist lítið milli áranna 2007 og 2008.

VERÐLAGSMÁL MJÓLKUR.

Skv. ákvæðum búvörulaga, nr. 99/1993, skipar stjórn SAM tvo fulltrúa í Verðlagsnefnd búvöru. Báðir fulltrúar SAM fara með atkvæðisrétt við ákvörðun nefndarinnar um breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur, en einungis annar fulltrúi SAM í nefndinni fer með atkvæði við ákvörðun um lágmarksverð mjólkur til framleiðenda. Vegna erfiðra aðstæðna í rekstrarskilyrðum mjólkurframleiðslunnar, sem og mjólkurvinnslunnar, hvíldu krefjandi og erfið viðfangsefni á verðlagsnefnd búvöru á árinu 2008. Þær verðbreytingar, sem komu til ákvörðunar á árinu, voru að umfangi sem ekki hefur sést áður á undangengnum 2 áratugum. Frekari grein er gerð fyrir störfum, aðstæðum og ákvörðunum verðlagsnefndar á árinu 2008, síðar í skýrslu þessari.

MARKAÐSNEFND MJÓLKURIÐNAÐARINS

Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins hélt 4 bókaða fundi á árinu 2008. Nefndin var skipuð í febrúar 2007 og var skipunartími hennar til tveggja ára. Eftirtaldir hafa verið fulltrúar í nefndinni:

Magnús Ólafsson, formaður nefndarinnar

Baldur Jónsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn S. Gunnarsson

Einnig hefur Jón K. Baldursson starfað með nefndinni og ritað fundargerðir hennar.

Fundir nefndarinnar hafa sérstaklega verið nýttir sem upplýsingavettvangur. Í umsjón nefndarinnar hafa verið samningsbundin verkefni sem varða Beinvernd, Kaffibarþjónafélag Íslands, Klúbb matreiðslumanna og ÍKFÍ. Þar hefur Beinvernd verið hvað fyrirferðarmest enda framlög til hennar bróðurparturinn af því fjármagni sem nefndin hefur haft til umráða. Samningur við Kaffibarþjónafélagið rann út í mars 2008 og samningar við ÍKFÍ, Klúbb Matreiðslumanna og Beinvernd runnu allir út í desember 2008. Samstarf við þessa aðila hefur reynst vel og er verið að skoða með endurnýjun samninga við þessa aðila. Í þessu sambandi er æskilegt að nefndin hefði stofnanir eða samtök í samstarfi sem eiga hægara um vik að þiggja styrki frá samnefnara mjólkuriðnaðarins frekar en einu markaðsfyrirtæki mjólkuriðnaðarins. Einnig getur verið gott að hafa slíkan vettvang til að:

- hafa samstarf við sérfræðinga og aðra skoðanamyndandi hópa,
- vinna gagnvart opinberum aðilum og öðrum ákvörðunaraðilum sem áhrif hafa á stöðu mjólkurvara að því er varðar lög og reglur,
- hafa samskipti við Lyðheilsustöð um framsetningu kynningarefnis er varðar hollustu og næringargildi mjólkurvara,
- koma á framfæri mikilvægum upplýsingum um mjólkurvörur og gangvart heilbrigðisstéttum, fjölmiðlum og yfirvöldum,
- hvetja til svara gangvart mýtum og rangfærslum um mjólk og mjólkurvörur og loks stuðla að aukinni neyslu á mjólk og mjólkurvörum.

Nefndin hefur einnig fylgst náið með framgangi þeirra verkefna sem fóru frá henni árið 2007 yfir til MS.

SAMSTARFSNEFND SAM OG BÍ

Samstarfsnefndin hélt einn fund á árinu. Þar var m.a. gengið frá mjólkuruppgjöri s.l. verðlagsárs. Meginhlutverk nefndarinnar hefur verið að gera tillögur til ráðherra um úthlutun rekstrarstyrkja til afurðastöðva og um ráðstöfun fjármagns vegna jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að afurðastöð og millisvæðaflutninga milli afurðastöðva. Með þeim skipulagsbreytingum sem orðið hafa í mjólkuriðnaði féllu þessi verkefni niður.

Ekki er búið að staðfesta þær breytingar á búvörulögum, nr. 99/1993, vegna Verðmiðlunarsjóðs mjólkur, sem stefnt var að samhliða verðlagningu mjólkur 1.janúar 2006. Vegna þessara tafa gerði nefndin m.a. tillögur til ráðherra um ráðstafanir til endurgreiðslu verðmiðlunarfjár fram að því að lögum um Verðmiðlun verði breytt. Sótt hefur verið um þessar endurgreiðslur árlega síðan.

HAGRÆÐING Í MJÓLKURIÐNAÐI

Mjólkursamsalan ehf. á nú að baki tvö starfsár og hafa flestar áætlanir gengið vel eftir. Markvist er unnið að endurskipulagningu ýmissa framleiðsluþátta sem eiga að leiða til verulegs sparnaðar í rekstri, en talsverður stofnkostnaður fylgir miklum breytingum sem munu skila sér vel síðar. Í ólgusjó mikillar verðbólgu og erfiðleikum í efnahagsmálum er tapið meira en viðunandi er, en með þeim verðbreytingum sem tóku gildi á árinu 2008 ásamt þeim hagræðingaraðgerðum sem gripið var til á árinu, tekst vonandi að rétta afkomuna við á rekstrarárinu 2009.

Þann 1. október 2006 sameinaðist Rannsóknarstofa Mjólkuriðnaðarins (RM) Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf. Heitir nú Rannsóknarstofa SAM. Starfsemi stofunnar var flutt úr fyrrum húsnæði Osta- og smjörslunnar, á Bitruhálsi 2, í febrúarbyrjun 2008. Starfsemi efnamælinga flutti að Bitruhálsi 1, en gerla-rannsóknirnar eru fluttar í húsnæði MS á Selfossi og er af því góð hagræðing. Með þessum breytingum hafa náðst samlegðaráhrif til sparnaðar, einkum í stjórnun, bókhaldi og fjárreiðum, og hafa flestar áætlanir um rekstur SAM gengið eftir.

Stór þáttur í þeirri ákvörðun að RM var sameinað SAM, var að halda fjárreiðum aðskildum frá mjólkurvinnslunni, og með því að skapa skilyrði til að beina hluta af núverandi markaðstruflandi stuðningi ríkissjófs við greinina, yfir í rannsóknir og eftirlit. Sá stuðningur skilgreinist sem grænn ómarkaðstruflandi. Það sama á við um Framleiðendapjónustu SAM (FP / mjólkureftirlit).

Frá og með 1.maí 2008 starfa þrír ráðgjafar hjá FP og eru þeir jafnframt tengiliðir við mjólkurframleiðendur. Þeir hafa hver um sig ákveðinn hóp mjólkurframleiðenda sem þeir sinna í samstarfi við mjólkursamlagsstjóra, gæðastjóra mjólkursamlaga og starfsfólk rannsóknarstofa mjólkursamlaganna og SAM. Ráðgjafarnir starfa allir náið saman og fara á milli svæða ef nauðsyn krefur. Þeir þjónusta mjólkurframleiðendur eftir bestu getu við úrlausn vandamála, með þeirri kunnáttu og búnaði sem þeir búa yfir, en sinna ekki viðgerðum.

Nánar er greint frá Framleiðendapjónustu SAM og Rannsóknarstofu SAM á öðrum stað í ársskýrslunni.

HLUTVERK OG FRAMTÍÐ SAMTAKA AFURÐASTÖÐVA

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði voru, á sínum tíma, stofnuð samkvæmt ákvæðum búvörulaga. Með sameiningu þeirri sem átt hefur sér stað, í íslenskum mjólkuriðnaði, og nú síðast með stofnun Mjólkursamsölunnar ehf., hafa ýmis af fyrri viðfangsefnum samtakanna flust yfir í Mjólkursamsöluna. Eftir sitja verkefni sem lúta meira að beinni hagsmunagæslu og samskiptum út á við, m.a. gagnvart stjórnvöldum og ýmsum stjórnsýslustofnunum.

Við þá samþjöppun og sameiningu sem átt hefur sér stað í mjólkuriðnaðinum, frá 1989 þegar um 18 lögaðilar stóðu að móttöku, vinnslu og sölu mjólkur og mjólkurvara, í 2 aðila á árinu 2009, er ljóst að ýmis málefni m.a. tengd starfsvettvangi SAM hljóta að koma til umfjöllunar og endurmats. Þó stendur óhreyft að skv. gildandi búvörulögum er gert ráð fyrir tilvist samtaka. Á komandi mánuðum og misserum þurfa forsvarsmenn mjólkuriðnaðar, svo og mjólkurframleiðenda, að fara sameiginlega yfir og skilgreina framtíðar viðfangsefni samtakanna og móta þá stefnu og farveg sem starfsemi SAM verður ætlað.

Á komandi árum mun þungi hagsmunagæslu mjólkurframleiðslunnar og mjólkurvinnslunnar snúa að alþjóðasamningum og aðstæðum sem snerta slíka samninga. Á þeim vettvangi verður mikilvægt fyrir mjólkuriðnaðinn að hafa aðgang að góðri reynslu og þekkingu á þeim málaflokkum.

Í þeirri vegferð er brýnt að missa ekki sjónar á því hvernig ásýnd mjólkuriðnaðarins verður út á við. Færa má rök fyrir því að betra verði fyrir heildarsamtök mjólkuriðnaðarins að vinna að hagsmunagæslu, en að einstök fyrirtæki séu í fylkingarbrjósti, sérstaklega í augum þeirra í samfélaginu sem ekki þekkja til aðstæðna. Því má segja, í fljótu bragði, að nauðsynlegt sé að hlúa vel að samtökum eins og SAM og mynda aðstæður sem stuðla að áframhaldandi tilvist þeirra.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum, starfsmönnum SAM og þeim sem hafa komið að störfum samtakanna á árinu, fyrir mjög gott samstarf. Einnig fulltrúum Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda, fulltrúum Landbúnaðarráðuneytis og öllum þeim aðilum í íslenskum mjólkuriðnaði, sem hafa komið að málefnum samtakana á liðnu ári og liðnum árum.

Magnús H. Sigurðsson, stjórnarformaður